

**Fundargerð 11. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
24. október 2018 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon,  
Daði Bergþórsson og Magnús Stefánsson.

**Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bærarstjóri.**

**1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins: 2019 - 1809099**

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið, fór yfir vinnslu fjárhagsáætlunar og helstu forsendur.

Lagt fram bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti dags. 10. október 2018, þar sem fram kemur að sveitarfélaginu er veittur frestur til 31. desember 2018 til þess að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

*Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti lagt fram. Samþykkt að á næsta fundi bæjarráðs verði lögð fram endurskoðun tímaáætlun um vinnslu fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða að leggja til við bærarstjórn að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt, eða 14,52%.*

**2. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102**

Lagt fram minnisblað þar sem gerð er grein fyrir undirbúningi og kynningu vegna könnunar meðal íbúa um heiti sveitarfélagsins, sem fram fer þann 3. nóvember 2018.

*Samþykkt að fela bærarstjóra að ganga frá og staðfesta þátttökuskrá, sem unnin verður upp úr íbúaskrá og miðast við íbúaskrá 26. október 2018.*

*Bæjarráð hvetur íbúa til að taka þátt í könnuninni um heiti sveitarfélagsins.*

**3. Gerðaskóli:skólalóð - 1809082**

Erindi frá skólastjórnendum Gerðaskóla dags. 08.10.2018.

*Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**4. Gerðaskólinýbygging - 1809079**

Erindi frá skólastjórnendum Gerðaskóla dags. 08.10.2018.

*Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**5. Íþróttamiðstöðin í Garði - ósk um búningsklefa - 1810037**

Erindi frá skólastjórnendum Gerðaskóla.

*Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**6. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsögn - 1809046**

Knattspyrnufélagið Víðir vegna konukvölds 02.11.2018 og herrakvölds 10.11.2018.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemd um veitingu tækifærisleyfanna.*

**7. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019 - 1810025**

Erindi frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti þar sem auglýst er eftir umsóknum um byggðakvóta.

*Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að sækja um byggðakvóta, annars vegar fyrir byggðarlagið í Garði og hins vegar fyrir byggðarlagið í Sandgerði, á grundvelli laga nr. 116/2006.*

**8. Lionsklúbbur Sandgerðis - jólahátíð eldri borgara í Sandgerði - ósk um styrk - 1810074**

Erindi frá Lionsklúbbi Sandgerðis, þar sem óskað er eftir afnotum af Samkomuhúsi og fjárstyrk til að halda jólahátíð fyrir eldri borgara.

*Samþykkt samhljóða að verða við erindinu og veita fjárstyrk kr. 300.000, enda standi eldri borgurum í sameinuðu sveitarfélagi til boða að mæta á jólahátíðina.*

**9. Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð - 1810021**

Erindi dags.07.07.2018.

*Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umfjöllunar í Ferða-, safna-og menningarráði.*

**10. Öldungaráð Suðurnesja - 1810009**

Samþykktir Öldungaráðs Suðurnesja.

*Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins.*

**11. Selið - ósk um afnot af húsnæði við Stafnesveg - 1810072**

Erindi frá Sigrúnu Sigurðardóttur og Karen Agnarsdóttur, þar sem leitað er eftir afnotum af húsnæði við Stafnesveg fyrir helgardvöl heilablaðra.

*Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins. Bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að fara yfir málið með viðkomandi.*

**12. Vistun í Klettabæ - 1810093**

Guðrún B Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

**13. Guðni á trukknun heimildamynd - 1810056**

Erindi dags. 11.10.2018 frá Guðmundi Magnússyni, með ósk um styrk til útgáfu heimildamyndar.

*Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.*

**14. Náttthagi 8 - lögheimilisskráning - 1810073**

Erindi dags. 15.10.2018 frá Friðrik Þór Friðrikssyni og Mörtu Eiríksdóttur, sem óska eftir lögheimilisskráningu að Náttthaga 8.

*Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Framkvæmda-og skipulagsráðs til umfjöllunar.*

**15. Knattspyrnudeild Reynis - ósk um endurnýjun samnings - 1810091**

Erindi dags. 18.10.2018.

*Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**16. Tónlistarskólinn í Garði - ósk um viðbótarkennslukvóta - 1810089**

11. fundur bæjarráðs  
25.10.2018

Erindi dags. 18.10.2018.

*Samþykkt samhljóða að visa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**17. Fasteignafélag Sandgerðis - fundargerðir 2018 - 1810081**

Fundur stjórnar dags. 16.10.2018.

*Fundargerðin lögð fram.*

Fundi slitið kl. 19:00.

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson